

Samkeppni um minjagrip og handverk til minningar um Jón Sigurðsson

NIÐURSTAÐA DÓMNEFNDAR – ÚRSLIT

Samkeppninni var hleypt af stokkunum 17. júní 2010 og skilafrestur var til hádegis mánudaginn 20. september s.l. Alls barst 21 innsending.

Dómnefnd kom saman fimmtudaginn 21. október kl. 14:00. Allir dómnefndarmenn voru mættir; Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Halla Helgadóttir frá Hönnunarmiðstöð Íslands, Sunneva Hafsteinsdóttir frá Handverki og hönnun, Jóhannes Þórðarson frá Listaháskóla Íslands, Björn G. Björnsson frá afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar. Sigrún Ólafsdóttir trúnaðarmaður keppinnar var viðstödd og opnaði umslögin í upphafi fundar.

Dómnefnd þótti almennt að tillögurnar skorti bæði frumleika og dýpt. Engin tillaga þótti vera framúrskarandi góð og verðskulda verðlaun. Í staðinn var ákveðið að veita þremur tillögum styrki til frekari þróunar, en það voru heiðurspenni merktur „thjod“, minnisbók merkt „02081529“ og steinn með áletruninni Óskabarn merktur „skabar“.

Ákveðið var að veita hverjum höfundi styrk að upphæð kr. 133.333.- til að þróa tillögu sína áfram. Höfundar eru hvattir til að leita eftir faglegri ráðgjöf og vanda efnisval og útfærslu.

Höfundarnir mega geta þess í kynningu eða á umbúðum að tillaga þeirra hafi hlotið viðurkenningu í almennri samkeppni um minjagrip á vegum afmælisnefndar Jóns Sigurðssonar forseta.

Öllum er þökkun þátttaka í samkeppninni.